

- LÖGREGLU -

# MAÐURINN

2. tbl. - 2017

- LÖGREGLU -
# MAÐURINN
2. tölublað - 33. árgangur 2017 - 90. blað





Ritstjóri og
Ábyrgðarmaður:
Snorri Magnússon
formaður LL





Starfsmaður LL:

Guðlaug Hreinsdóttir
skrifstofustjóri

Teikning á bls. 2:
Logi Jes Kristjánsson

Aðrar myndir:
Júlíus Sigurjónsson og fl.

Lögreglumaðurinn
er gefinn út af Landssambandi
lögreglumanna

ll@logreglumenn.is
www.logreglumenn.is





## Efnisyfirlit...




Upplýsingadrifin löggæsla
í alþjóðlegu- og íslensku samhengi 4





„DJØF“ Bjarne Frøslee Ibsen 12

Erlendar fréttir 20





Íþróttir 22


## Efni til birtingar í Lögreglumanninum

- Aðsendar greinar sem birtar eru í blaðinu skulu merktar höfundi. Greinin lýsir skoðun höfundar en ekki stjórnar LL.
- Sendið gjarnan með myndir, stafrænar myndir eiga að vera í jpg formati.
- Vinsamlega látið fylgja með stöður, nafn, fastanúmer ef um lögreglumenn er að ræða, vinnustað, heimili og GSM númer sem hægt er að ná í viðkomandi.
- Ritstjóri fer í gegnum allt aðsent efni. Að þeirri vinnu lokinni fær sendandi að vita hvort efnið birtist í blaðinu eða ekki.
- Samþykkt efni verður ritstýrt á þann hátt að það passi við efnið sem ætlast er til að birtist í blaðinu.
- Leyfi til birtingar efnis úr blaðinu er einungs veitt sé þess getið hvaðan það er fengið.



# Lækurinn



Í formannshorni 1. tbl. Lögreglumannsins 2017 kom ég m.a. inn á ástand löggæslumála, líkt og gert hefur verið í áraraðir á þessum sama stað. Það sem hinsvegar hefur breyst frá því að 1. tbl. 2017 kom út og fram að útkomu þess blaðs sem þú nú hefur í höndum er að ríkisstjórn landsins hefur hrökklast frá störfum og kosið hefur verið – enn á ný á réttu einu ári – til Alþingis.

Það hefur hinsvegar ekkert – ég endurtek EKKERT – breyst í löggæslumálum þjóðarinnar og fjármagn til reksturs lögreglunnar er enn skorið við nögl líkt og fyrir þessar síðustu kosningar sem og kosningarnar þar áður, kosningarnar þar áður, kosningarnar þar áður, kosningarnar þar áður o.s.frv.

Ný framboð hafa komið og farið. Fengið og tapað þingsætum. Fengið og tapað ráðherrasætum. Lofað og svikið.

Landssamband lögreglumanna (LL) hefur, árum og áratugum saman bent á það sem betur hefur mátt fara í löggæslumálum. Bent á leiðir til úrlausna og verið óþreytandi við að benda nýjum og gömlum valdhöfum á villur síns vegar í þessum málum. Allt hefur komið fyrir ekki. Ekkert – nákvæmlega EKKERT – hefur breyst. Jú fyrirgefið mér. Lögreglumönnum hefur fækkað. Lögreglubifreiðum hefur fækkað. Akstur þeirra bifreiða sem eftir hafa verið hefur minnkað. Sýnilegri löggæslu hefur farið stórlega aftur og í sumum tilvikum varla sjáanleg lengur. Á sama tíma hefur Íslendingum farið fjölgandi, bifreiðum í eigu sömu Íslendinga – og reyndar annarra (ferðamanna) hefur farið fjölgandi og það sem jú allir vita orðið ferðamönnum hefur stórlega fjölgað.

Kosningar eftir kosningar hafa allir flokkar ruðst fram á ritvöllinn með stefnuskrár og loforðalista þar sem m.a. er lofað að taka af myndugleik til hendinni í hinum ýmsu málaflokkum þ.m.t. löggæslumálum. Slíkir listar og skrár eru sennilega, þegar öllu er á botninn hvolft, líkast til óteljandi. Loforðin eru það alveg klárlega. Svikin loforð eru það líka. Það sem hinsvegar skilur að í dag er að listarnir og loforðin eru farin að koma oftar fram en almennt gerðist á árum áður og þ.m.t. svikin oftar einnig.

Sá sem þetta skrifar hefur ítrekað bent á staðreyndar á borð við þær sem týndar eru til hér að ofan sem og á þær einföldu staðreyndir að hér á landi er hvorki til að dreifa her né þjóðvarðliði ef eitthvað út af bregður svo stórt að afar fámennt lögreglulið landsins ræður ekki við ástandið. Af þeirri ástæðu einni ættu stjórnvöld að átta sig á því að ekki er hægt að miða fjölda lögreglumanna á Íslandi við einhverja ímyndaða erlenda staðla. Af þeirri ástæðu einni ættu lögreglumenn hér á landi að vera talsvert fleiri pr. íbúa en gengur og gerist í þeim löndum sem við gjarnan viljum miða okkur við. Af þeirri ástæðu einni er ljóst að fjárframlög til löggæslu á Íslandi þyrftu að vera hlutfallslega hærri en gengur í öðrum löndum. Til viðbótar þessu er svo og þarf líka að horfa til landfræðilegrar legu landsins og stærðar auk erfiðra samgangna t.d. á vetrum.

Allt ofangreint og svo miklu, miklu meira til hefur LL margítrekað bent stjórnvöldum á en jafnan talað við daufum eyrum – bæði hægra og vinstra eyra. Allt ofangreint og miklu, miklu meira til hefur LL rætt á fundum með hinum ýmsu stjórnmálaöflum sem birst hafa og horfið jafnharðan sum hver aftur. Líka hinum sem náð hafa einhverjum stöðugleika í íslenskum stjórnmálum og jafnvel boðið fram lista til Alþingis um áratugaskeið. Heyrnarleysið virðist hrjá alla jafnt – unga sem aldna. Loforðalistarnir hljóma allir nánast eins. Loforðasvikin eru öll alveg eins.

Í síðast pistli mínum spurði ég m.a. „Er sá pólitíski vilji og geta sem til þarf til að koma ástandi löggæslumála í landinu í samt lag, til staðar á Alþingi núna?“. Rétt finnst mér, í ljósi aðstæðna að endurtaka þá spurningu hér og nú. Það er hinsvegar aðeins eitt sem mun leiða svarið í ljós og það er tíminn. Tíminn sem leið ansi hratt fyrir síðustu ríkisstjórn, hægar fyrir margar aðrar og eldri. Tíminn sem hingað til hefur eingöngu leitt það í ljós að pólitískur vilju, geta og þor, til að koma þessum hlutum í lag fyrir eitt skipti og öll hefur ekki verið til staðar.

Lækurinn í þessum efnum rennur áfram til sjávar og LL mun halda áfram að bera í hann bakkafullann þær staðreyndir sem við höfum verið að gera undanfarin ár og áratugi

***Snorri Magnússon***
***formaður LL.***



# Upplýsingadrifin LÖGGÆSLA

## - Í alþjóðlegu- og íslensku samhengi




Höfundar:



*Dr Adrian James*



*Eiríkur Valberg*

***Dr Adrian James***
Adrian James er fyrrum rannsóknarlögreglumaður hjá Scotland Yard í London og nú dósent í lögreglufræðum við lögreglufræðasetur John Moores Háskólans í Liverpool. Sem rannsóknarlögreglumaður leiddi Adrian rannsóknarteymi, bæði svæðisbundið sem og á landsvísu í Englandi. Adrian var jafnframt stjórnandi upplýsingateymis Lundúnalögreglunnar í flugöryggi (nú teymi gegn hryðjuverkastarfsemi). Adrian hlaut doktorsgráðu frá London School of Economics fyrir rannsókn á uppruna og þróun upplýsingadrifinnar löggæslu og hefur gefið út fjölda greina og bóka um stefnur og verklag í rannsóknum sakamála. Meðal þess sem hann hefur gefið út er rit um rannsóknir á breska kerfinu í meðferð upplýsinga (National Intelligence Model) sem er almennt álitið fyrirmynd á heimsvísu í aðferðarfræði varðandi upplýsingadrifna löggæslu. Adrian er í góðum tengslum við löggæslustofnanir í gegnum rannsóknir sínar og ráðgjöf og hefur nýverið lokið rannsókn fyrir breska lögregluskólann (College of Policing) sem felst í því “hvað virkar” í upplýsingavinnslu lögreglu.

***Eiríkur Valberg***
Sem rannsóknarlögreglumaður í skipulagðri brotastarfsemi hefur Eiríkur haft mikla aðkomu að öllum stigum upplýsingavinnu lögreglu. Eiríkur var um nokkura ára skeið starfsmaður upplýsingateymis LRH og á tímabili stjórnandi þess. Þá stýrði hann jafnframt sérstöku rannsóknarteymi gegn skipulögðum brotahópum sem einbeitti sér að miklu leyti að upplýsingavinnslu. Eiríkur hefur lokið BSc gráðu í lögreglufræðum og rannsóknum og MSc gráðu í rannsóknum sakamála og upplýsingavinnslu lögreglu frá Háskólanum í Portsmouth, Englandi.



***Samantekt***
*Undanfarin 20 ár hefur hugmyndafræðin um upplýsingadrifna löggæslu (e. intelligence-led policing) (UDL) skotið rótum og er hún af mörgum talin svarið við flestum af veikleikum lögreglu. UDL er byggð á traustum viðskiptalögmálum og hefur leitt til þróunar á ýmsum upplýsingakerfum og verkferlum. Því hefur verið haldið fram að UDL stuðli að hnitmiðaðri og faglegri löggæslu, sé henni beitt á viðeigandi hátt. Þótt UDL virðist vera algjörlega rökrétt aðferðafræði í löggæslu eru vísindalegar sannanir fyrir gagnsemi hennar í besta falli veikar. Það þarf því að kafa dýpra þegar notagildi UDL er metið, af þremur ástæðum. Í fyrsta lagi getur notkun sumra UDL aðferða leitt til verulegrar aukningar á því sem áður var talið „óhefðbundnar löggæsluaðferðir“ sem kann að hafa neikvæð áhrif á bæði stofnanirnar sem beita þeim og samfélagið. Í öðru lagi geta UDL aðferðir eins og skyggingar, hleranir eða notkun uppljóstrara virkað ögrandi á almenning og ógnað réttindum borgaranna. Í þriðja lagi krefjast þessar aðferðir tæknilegrar kunnáttu, reynslu og samskiptafærni sem stundum er skortur á innan löggæslunnar.*

*Þar sem UDL virðist lofa meiri árangri með minni tilkostnaði er ekki skrýtið að aðferðin hafi vakið heimsathygli. Jafnvel þó að UDL sé ekki töfralausn, kann hún samt sem áður að búa yfir kostum sem réttlæta notkun hennar. Engu að síður ætti falinn kostnaður af henni, svo sem vegna samfélagslegra áhrifa og lögmæti, að gefa löggjafanum og stjórnendum lögreglu tilefni til að íhuga málið gaumgæfilega áður en stefnubreyting er gerð í átt að UDL.*

***Inngangur***

Það er ekki nýtt að lögreglan noti upplýsingar við vinnu sína, en sú hugmynd að það geti stuðlað að árangursríkari og hagkvæmari löggæslu kom fram á 10. áratug síðustu aldar. Þá færðust kenningar um stjórnun lögreglu í átt að stjórnunarhyggju, þ.e. að stjórnendur ættu frekar að vera sérfræðingar í stjórnun en löggæslu. Upplýsingadrifin löggæsla, eins og þessi nýja stefna varð fljótt nefnd, vakti strax eftirtekt hjá vestrænum þjóðum og virðist í dag vera alþjóðlega álitin með bestu leiðum til að haga löggæslu.

Við höldum því fram að árásirnar 11. september 2001 hafi verið ákveðinn vendipunktur í viðurkenningu á kostum UDL (sjá t.d. National Commission of Terrorist Attacks Upon The United States (2004)). Árásirnar virðast hafa sannfært stefnumótendur víðs vegar um heiminn að framtíðin lægi í upplýsingadrifinni löggæslu fremur en viðbrögðum við vandamálum (e. problem-oriented policing). Einkum sjáum við að í eftirmálum þessara hræðilegu atburða breyttist hugafarið frá því að löggæsla ætti og gæti notað upplýsingar til að ná betri árangri með minni tilkostnaði yfir í að lögreglan verði að gera það. Fjöldi „upplýsingamistaka“ (e. Intelligence failure) síðan þá staðfesta (a) áskoranirnar sem þjóðir standa frammi fyrir við að gæta öryggis samfélagsins og (b) þörfina fyrir rækilegar umbætur á kerfum og verkferlum, sem hafa ekki tekið nægilega mið af tækniþróun.

Viðbrögð yfirvalda við þessum atburðum hafa verið með svipuðu móti hjá flestum þjóðum. Í Bretlandi og Bandaríkjunum hafa upplýsingakerfi á landsvísu verið tekin upp (e. National Intelligence Model)

| Áhrifaþáttur | Umfjöllun |
|---|---|
| Árangursleysi af afturvirkri löggæslu (e. reactive) | Þrátt fyrir aukna tækni og fjárfestingu í mannskap við rannsóknir sakamála síðan á 9. áratugnum, var almennt álitið að afturvirk löggæsla væri ekki nægjanlega árangursrík við að draga úr afbrotum |
| Takmarkað sönnunargildi framburða og játninga | Með auknum kröfum á ákæruvaldið og sönnunarbyrði getur lögreglan ekki eingöngu treyst á óstaðfesta framburði og játningar lengur |
| Tæknilegar framfarir | Tæknilegar framfarir tengt forvirkri löggæslu hafa verið umtalsverðar |
| Aukin áhersla á alvarleg afbrot og skipulagða brotastarfsemi | Leita þurfti leiða til að bregðast við þróaðri brotamönnum |

***Tafla 1: Áhrifaþættir á þróun upplýsingardrifinnar löggæslu***
*Heimild: John og Maguire, 2011.*

| Þáttur | Lýsing |
|---|---|
| Túlkun | Starfsfólk sem vinnur við öflun, úrvinnslu og og greiningu upplýsinga þurfa að geta túlkað afbrotaumhverfið í þess víðasta skilningi, til að hámarka möguleika á aðgerðum og fyrir greiningar á árangri og mati. |
| Vægi | Upplýsingastarfsfólk og greiningaraðilar þurfa að geta haft áhrif á ákvarðanatökur um notkun búnaðar og aðgerðir. |
| Áhrif | Þeir sem taka ákvarðanir þurfa að hafa getu og áhuga á að hafa jákvæð áhrif á afbrotaumhverfið. |

***Tafla 2: 3iMódelið***
*Heimild: (Harfield & Harfield, 2008; Ratcliffe, 2005)*

(Brown, 2007). Evrópusambandið (ESB) lýsti því yfir að upplýsingavinna skyldi verða eitt af meginatriðum í löggæslu í Evrópu (Brown, 2007). Stór hagkerfi á borð við Kanada, Ástralíu og Nýja-Sjáland hafa gert sérstakar ráðstafanir til að styrkja upplýsingavinnslu sína (Brown, 2007). Á Íslandi var greiningardeild ríkislögreglustjórans komið á laggirnar, sem hefur það hlutverk að afla og vinna upplýsingar og framkvæma hættumöt, sem teljast til meginþátta UDL (Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 2007).

Út af fyrir sig er þetta umfangsmikil þróun fyrir hvert það ríki sem hefur stigið þessi skref. En er hún nauðsynleg og er hún hluti af alþjóðlegri stefnubreytingu í átt að einsleitari löggæslu, eins og sumir vilja halda fram? Meginmarkmið þessarar greinar er að fjalla um grundvöll þessarar stefnubreytingar; og að meta gildi þeirra almennt sem og fyrir íslensku lögregluna. Eins og lesandanum verður ljóst er skortur á vísindalegum gögnum um kosti UDL. Því er allur stuðningur við hana takmörkunum háð. Þeir sem tala fyrir UDL benda á „óhrekjandi“ rök fyrir upplýsingadrifnum aðgerðum, en við höldum því fram að stuðningur við UDL byggi að mestu á veikum grunni. Við leyfum lesendum að meta sjálfir hvort þær stefnur sem notið hafa hylli annars staðar hafi nægilegt gildi í íslensku samhengi.

*Þótt UDL virðist vera algjörlega rökrétt aðferðafræði í löggæslu eru vísindalegar sannanir fyrir gagnsemi hennar í besta falli veikar*

***Af hverju upplýsingadrifin löggæsla?***

Á undanförnum árum virðast yfirvöld í mörgum þróuðum ríkjum hafa hallast að árangursríkari og hagkvæmari aðferðum í baráttunni gegn æ fjölbreyttari ógnum; ekki síst þeim sem stafa af skipulagðri brotastarfsemi og hryðjuverkum. Stjórnunarhyggja, í þessu samhengi er sú hugmynd að UDL stuðli að skynsamlegri og hagkvæmari nýtingu á mannafla og búnaði var líklega stærsti áhrifaþátturinn í uppgangi UDL, en fleira kom þó til. Í töflu 1 hér að ofan, gefur að líta samantekt á helstu áhrifaþáttum (John & Maguire, 2011).

# Eftirtaldir aðilar óska lögreglumönnum velfarnaðar í starfi

***Reykjavík***

A. Margeirsson ehf
A. Wendel ehf
A1 málun ehf
Aðalvík ehf
Antiksalan ehf
Arctic Trucks Ísland ehf
Arkís arkitektar ehf
Atlantsflug ehf
Auglýsingastofan ENNEMM
Áman ehf
Árbæjarapótek ehf
ÁTVR Vínbúðir
Bakarameistarinn ehf
Bakkus ehf
Barnatannlæknastofan ehf
Bending 1 ehf
Bergsson mathús
Bifreiðaverkstæði Svans ehf
Bíla-Doktorinn
Bílamálun Sigursveins Sigurðssonar
Bílasala Guðfinns, frúin hlær í betri bíl
Bílasmiðurinn hf
Björgun ehf
Blaðamannafélag Íslands
Bláfugl hf
Blikksmiðja Reykjavíkur
Blossi ehf
Blómabúðin Hlíðablóm
Blómatorgið ehf
Bonafide lögmenn ráðgjöf sf
Boozt bar
Borgarpylsur
Bókhaldsstofa Haraldar slf
Bókhaldsþjónusta Júlíönu ehf
Bókhaldsþjónustan Vík
Breiðan ehf
Brim hf
Búseti svf
Curvy.is - tískuverslun
Danica sjávarafurðir ehf
Dental stál ehf
Draupnir lögmannsþjónusta ehf
Durum restaurant & take away
Dýraspítalinn Víðidal ehf
E.T. hf
Efling stéttarfélag
Eignamiðlunin ehf
Eignaumsjón hf
Endurskoðendaþjónustan ehf
Endurskoðun og reikningsskil hf
Ernst & Young ehf
Eyrir fjárfestingafélag ehf
Felgur smiðja ehf
Félag íslenskra bifreiðaeigenda
Fjallamenn-Mountaineers of Iceland
Fjárhald ehf
Fjeldsted & Blöndal lögmannsstofa slf
Fljótavík ehf
Formverk
Fótógrafí ehf
Fríkirkjan í Reykjavík
Föt og skór ehf
Gagnaeyðing ehf
Gallerí Fold
Garðs Apótek ehf
GÁ húsgögn ehf
Geiri ehf, umboðs- og heildverslun
Gilbert úrsmiður-www.jswatch.com
Gjögur hf
Gleraugað ehf
Guðmundur Arason ehf, smíðajárn
Gullkistan skrautgripaverslun-www.thjodbuninga-silfur.is
Gullsmiðurinn í Mjódd
Gunnar Eggertsson hf
Gúmmísteypa Þ. Lárusson ehf
Hagi ehf-Hilti
Hamborgarabúlla Tómasar - Við erum öll jöfn
Hárgreiðslustofan Aþena
Heimsferðir ehf
Hereford Steikhús ehf
Herrafataverslun Birgis ehf
Herrahúsið
Hey Iceland
Hilmar D. Ólafsson ehf
Hitastýring hf
Hjá Dóra ehf, matsala
Hjá GuðjónÓ ehf
Hjá Jóa Fel, brauð og kökulist
Hornið veitingastaður
Hókus Pókus ehf
Hótel Frón ehf
Hótel Leifur Eiríksson ehf
Hótel Óðinsvé
Hugvit hf
Húsalagnir ehf
Húseigendafélagið
Höfðakaffi ehf
Höfði fasteignasala
IcePharma hf
IG Ferðir ehf
ILVA ehf
Indiska verslun
Inter ehf
Ísaga hf
ÍSAM ehf
Íslandsstofa
Íslenska Gámafélagið ehf
Ísmar ehf
Ísold ehf
Ís-spor ehf
Jens Guðjónsson ehf, skartgripaverslun
Jómfrúin veitingahús ehf
K. H. G. Þjónustan ehf
K. Pétursson ehf
K·R·S·T Lögmenn
Kári Arnórsson ehf
Kemi ehf-www.kemi.is
Kjöthöllin ehf
Klettur - sala og þjónusta ehf
KOM almannatengsl
Kopar & Zink ehf
Kopar Restaurant ehf
Kortaþjónustan hf
Kramhúsið ehf
Kryddlegin hjörtu
Kvikk Þjónustan ehf
Kælitækni ehf
Lagahvoll slf
Lagnalagerinn ehf
Landhelgisgæsla Íslands
Landshús
Landssamtök lífeyrissjóða
Lausnir lögmannsstofa sf
Láshúsið ehf
LC Ráðgjöf ehf stjórnunar- og rekstrarráðgjöf
Le Bistro - franskur bistro & vínbar
Leiguval ehf
Ljósboginn ehf
Ljósin í bænum
Logy.is
Lækjarbrekka, veitingahús
Lögfræðiþjónusta Sigurðar Sigurjónssonar hrl
Lögmenn Árbæ slf
Lögmenn Höfðabakka ehf
Lögmenn Jónas & Jónas Þór sf
Lögvörn ehf
Löndun ehf
Margt smátt ehf
Matthías ehf
Málarameistarar ehf
Mentis Cura ehf
MG flísalagnir ehf
MS Armann skipamiðlun ehf
Múlakaffi
Múlaradíó ehf
Nexus afþreying ehf
Nonnabiti
NORDIK lögfræðiþjónusta
Nýi ökuskólinn ehf
Nýja bílahöllin ehf
Orka ehf
Ósal ehf
Pétur Stefánsson ehf
Pixel ehf
Plast - miðar og tæki ehf
Pósturinn
Prentsmiðjan Leturprent ehf
PricewaterhouseCoopers ehf
Profil Optik
Promennt ehf
Prófílstál ehf
Rafsvið sf
Rafval sf
Rafver hf
Rafþjónustan slf
Rarik ohf
Reki ehf
Reyktal þjónusta ehf
Réttingaverkstæði Bjarna og Gunnars ehf
Réttur - ráðgjöf & málflutningur
Samsýn ehf
Seljakirkja
Sendibílar og hraðþjónusta ehf
Shalimar, Pakistanska veitingahúsið
Sigurjónsson & Thor ehf
Sjávargrillið ehf
Skipamiðlarar ehf
Skipaþjónusta Íslands ehf
Skorri ehf
Skotfélag Reykjavíkur
Skóarinn í Kringlunni ehf
Skólavefurinn.is
SM kvótaþing ehf
Smurstöðin Klöpp ehf
Snaps ehf
Sólon Bistro



*Mat á UDL*

Jerry Ratcliffe, leiðandi fræðimaður á þessu sviði, hefur haldið því fram að UDL stefna standi aðeins undir nafni ef þrír þættir eru til staðar, þ.e. 3iMódelið. Þessir þættir eru: (i) túlkun, (ii) vægi og (iii) áhrif (e. Interpret, Influence, Impact), og eru útskýrðir nánar í Töflu 2 (Ratcliffe, 2005).

*Upplýsingavinna lögreglu*

Almennt hafa yfirvöld tekið nýjum upplýsinga- og samskiptakerfum fagnandi og varið meiri mannskap og fjármagni til notkunar upplýsinga um afbrot (Brown, 2007). Í sumum tilfellum hafa fylgt þessu umtalsverðar breytingar á uppbyggingu lögreglunnar. Árið 2007 var greiningardeild ríkislögreglustjórans (GRD) stofnuð. Hún hefur það meginmarkmið að afla, vinna úr, greina og miðla upplýsingum á vettvangi öryggis og afbrota. GRD framkvæmir jafnframt hættu-, áhættu- og ógnarmöt (Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 2007). Við sjáum á þessari þróun að grunnhugmynd öryggis- og upplýsingastofnana um að umfang aðgerða ætti að stjórnast af upplýsingum er nú fylgt við löggæslu á Íslandi, að einhverju marki.

Undirstöðuatriði upplýsingavinnslu eru vel skilgreind í öryggisfræðum. Við nýtum þær heimildir til að útskýra nokkur fyrirbrigði sem almennt koma fyrir í þjóðarstefnum í upplýsingavinnslu. Þessi fyrirbrigði eru: upplýsingahringurinn (e. Intelligence Cycle), greinar upplýsinga og greiningar. Við leggjum mat á þessa þætti og berum þá saman við hefðbundna starfshætti í upplýsingavinnslu og sýnum hvernig þeir eru notaðir í breska lands-upplýsingakerfinu (National Decision Model).

*Upplýsingahringurinn*

Upplýsingahringurinn er sagður vera undirstaða allrar upplýsingavinnu (James, 2016). Hann er gagnlegt tæki til að auðvelda fólki að vinna úr upplýsingum, mynda sér skoðun og leggja til aðgerðir. Það eru til mörg afbrigði af hringnum, en það afbrigði sem er almennt notað er sýnt í Mynd 1 (Harfield & Harfield, 2008; James, 2016).

Eins og lesendur sjá byrjar hringurinn klukkan 12 með stefnu, sem vísar til þess að ákvörðun er tekin um hvaða upplýsinga þarf að afla. Hann heldur síðan áfram réttsælis þar til komið er að miðlun, þegar afurð upplýsingavinnunnar er send notanda. Það gæti bæði verið endir hringsins eða upphaf að nýjum.

*Greinar upplýsingar*

Upplýsingaveitur lögreglu eru almennt flokkaðar í mismunandi greinar. Fjórar aðskildar greinar eru taldar þær mikilvægustu fyrir lögreglu. Í fyrsta lagi eru mannlegar upplýsingar (e. human intelligence – HUMINT), sem innihalda allar upplýsingar frá mannlegum upplýsingaveitum (Quarmby & Young, 2010, p. 17). Í öðru lagi eru samskipta-upplýsingar (e. signal intelligence – SIGINT) sem eru allar upplýsingar sem aflað er með að hlera samskipti (Quarmby & Young, 2010). Í þriðja lagi eru upplýsingar frá opnum heimildum (e. open source – OSINT), sem aflað er frá heimildum sem eru aðgengilegar almenningi án takmarkana. Undir OSINT er jafnframt undirflokkur upplýsinga sem aflað er af samfélagsmiðlum, s.s. Facebook, Twitter, Tinder o.fl., en er jafnframt þekkt sem Social Media Intelligence (SOCMINT) (James, 2016; Quarmby & Young, 2010). Að lokum eru fjármálaupplýsingar (e. financial intelligence – FININT), sem eru allar upplýsingar um fjármál einstaklinga, hópa, fyrirtækja eða félagasamtaka (James, 2016).

*Greiningar upplýsinga*

Greiningum upplýsinga hefur verið lýst sem „túlkun hrárra upplýsinga yfir í nothæfar upplýsingar fyrir




SOS Tölvuhjálp
AB Varahlutir - Alltaf betri
Almenna leigufélagið
Under Armour



aðgerðir“(Cope, 2004), eða sem „öflun innsæis sem getur drifið eða stutt lögreglurannsóknir, aðgerðir og stefnumótun, og haft áhrif á stefnu og ákvarðanir stjórnvalda“(Interpol, 2015). Áherslan er á spár; að einblína á brotamenn til að koma í veg fyrir fyrirætlanir þeirra um afbrot eða til að draga almennt úr afbrotum, t.d. með því að endurskapa efnislegt eða félagslegt umhverfi. Greinendur ættu fyrst að bera kennsl á:

- Þekkingu sem er til staðar
- Þau gögn sem vantar til að fylla upp í upplýsingaeyður, og hvar er hægt að finna þau
- Hvernig er hægt að afla þessara gagna
- Hvaða ályktanir megi draga af gögnunum

*Heimild: (James, 2016)*

Greinendur framleiða upplýsingaafurðir, svo sem mat á stefnumótun eða taktík; aðilagreiningar og vandamálagreiningar sem upplýsa stjórnendur fyrir upplýsingatöku. Það er afar sjaldgæft að greinendur taki ákvarðanir um lögreglumálefni. Í grundvallaratriðum snúast stefnumiðaðar greiningar (e. strategic analysis) um að nota líkindi til að skilja gögn sem oft eru ófullkomin og ósamhljóða og til að nýta þessa þekkingu til að styðja ákvarðanatökur eða til að greina hættu tímanlega. Aðgerðamiðaðar greiningar (e. operational analysis) eru yfirleitt ítarlegri, greinandinn metur umhverfið, einstaklingana og hópana í mun meiri smáatriðum. Taktískar greiningar (e. tactical analysis) eru eingöngu notaðar til að undirbúa tilteknar aðgerðir og yfirleitt í framhaldi af aðgerðamiðuðum greiningum.

***Uppsetning upplýsingateyma***

Við útskýrðum fyrr í þessari grein að stefnumótun, uppbygging og verkferlar í upplýsingavinnslu lögreglu hafi þróast víðast hvar með sambærilegum hætti síðan á 10. áratugnum. Árið 2006 gaf fíkniog afbrotamálaskrifstofa Sameinuðu þjóðanna út skýrslu sem fór ágætlega yfir þessa þróun (UNODC, 2006). Fjallað verður um helstu atriði skýrslunnar hér að neðan.

***Undirstöður***

Að minnsta kosti skal vera til staðar skipulag og fyrirkomulag til að nýta afbrotatölfræði við stjórnun aðgerða. Þá ætti að vera til staðar þjóðarstefna um upplýsingavinnslu í öryggis- og löggæslulegu tilliti. Það er mikilvægt að átta sig á að upplýsingateymi geta starfað á landsvísu eða svæðisbundið. Helst ættu lönd að hafa hvoru tveggja. Greiningar upplýsinga er lykillinn að gildi upplýsinga. Þar af leiðandi ættu greinendur að uppfylla ákveðin viðmið. Vegna viðkvæms eðlis upplýsingavinnslu lögreglu, ættu allir starfsmenn í slíkum teymum að vera bakgrunnskoðaðir vandlega (UNODC, 2006). Einnig ætti að vera til staðar kerfi (yfirleitt tölvukerfi) til að halda utan um og varðveita gögnin (UNODC, 2006).

***Laga- og siðferðisleg íhugunarefni***

Upplýsingavinnsla lögreglu verður alltaf að standast mannréttindaákvæði. Allar aðgerðir verða að taka mið af meðalhófi, vera lögmætar, heimilaðar og nauðsynlegar (Harfield & Harfield, 2008). Á Íslandi eru mannréttindi tryggð með Mannréttindasáttmála Evrópu (MRE), sem var lögfestur með lögum um MRE nr. 62/1994. Þó að margar greinar sáttmálans nái til upplýsingavinnslu lögreglu, þá er það 8. greinin (friðhelgi einkalífs og fjölskyldu) sem líklega er sú mikilvægasta, þar sem þær aðferðir sem starfsmenn upplýsingateyma nota geta falið í sér inngrip í einkalíf fólks, langt umfram það sem almennar aðgerðir lögreglu gera (UNODC, 2006).

Ef allt væri eins og best verður á kosið, ættu landslög að endurspegla grundvallar mannréttindi. Þau ættu að vernda mannréttindi og setja lögreglu skorður, en á sama tíma tryggja að lögreglan hafi nauðsynlegar heimildir til að uppfylla væntingar hagsmunaaðila og samfélaga. Með öðrum orðum, lögreglan þarf að hafa þau tæki, tól og stuðning, sem hún þarf til að vinna vinnuna sína (UNODC, 2006). Á Íslandi er þá löggjöf sem gerir þetta fyrst og fremst að finna í lögum um meðferð sakamála nr. 88/2008 og í reglugerð um sérstakar aðferðir og aðgerðir lögreglu við rannsókn sakamála nr. 516/2011. Reglugerðin kveður á um öflun upplýsinga, þau skilyrði sem þarf að uppfylla til að sú öflun sé lögmæt og hvaða aðferðum lögreglan getur beitt við öflun upplýsinga, þ.m.t. notkun uppljóstrara, leynilegar aðgerðir, notkun tálbeita og skyggingar.

***Upplýsingateymi***

Upplýsingateymi ættu að vera með sérfræðinga í öflun og greiningu upplýsinga, sem geta notfært sér allar þær upplýsingaveitur sem eru aðgengilegar lögreglu. Teymin ættu að skrá allar upplýsingar, bera þær saman við eldri upplýsingar og miðla þeim. Með öðrum orðum ætti starf upplýsingateyma að vera byggt á upplýsingahringnum. Þá ættu slík teymi að stofna til samvinnu við viðeigandi stofnanir og setja gagnkvæma miðlun upplýsinga í forgang (UNODC, 2006).



*Höfnin í Portsmouth*

***Þjóðarstefna Bretlands í öryggis- og afbrotaupplýsingum og greiningar upplýsinga***

Bretland var fyrsta þjóðin til að koma á laggirnar kerfi utan um upplýsingavinnslu lögreglu. Árið 2000 var The UK National Intelligence Model (NIM) kynnt, sem náði til helstu grundvallaratriða í upplýsingavinnslu og setti lágmarkskröfur um gagnastjórnun(National Centre for Policing Excellence, n.d.). Líklegt er að NIM hafi verið fyrirmynd þeirra upplýsingakerfa sem aðrar þjóðir tóku í notkun í kjölfarið, en upplýsingahringurinn er uppistaðan í öllum þessum kerfum. Flest meginatriði og verkferlar eru því óhjákvæmilega sambærilegir í þessum kerfum, þó blæbrigðamunur kunni að vera milli landa.

Ef til vill eru þær greiningaaðferðir, aðgerðir og upplýsingaafurðir sem lýst er í NIM einn af helstu styrkleikum NIM. Þar eru leiðbeiningar fyrir upplýsingastarfsfólk lögreglu sem stuðla að samræmi í framkvæmd og afurðum (James, 2016). NIM lýsir níu stöðluðum greiningaaðferðum. Tvær þeirra eru notaðar meira en aðrar; greiningar á afbrotamynstri er notuð til að nema mynstur og trend í afbrotum, og greiningar á tengslanetum til að skilgreina og lýsa

Brasserie ÁSKUR Since 1966 Suðurlandsbraut 4
GEYSIR
P BÍLASTÆÐASJÓÐUR
BLUE LAGOON ICELAND
brimborg Öruggur staður til að vera á
DHL
EIMSKIP
FÍ

tengslum milli brotamanna og samtökum þeirra.

Greinendur upplýsinga vinna fjórar mismunandi tegundir upplýsingaafurða til að styðja ákvarðanatöku. Þær eru: stefnumiðuð greining, sem stuðlar að yfirsýn til langs tíma og styður stefnumótun og forgangsröðun, taktísk greining sem ber kennsl á skammtíma vandamál sem þarfnast athygli lögreglu, aðilagreiningar sem er til að skilja hegðun og hagi sakborninga eða annarra áhugaverðra einstaklinga, og að lokum vandamálagreiningar sem stuðla að meiri skilningi á vandamálum í löggæslu, til dæmis brotahrinur eða heit svæði (National Centre for Policing Excellence, n.d.).

### *5 Umræða og lokaorð*

Við höfum í þessum skrifum okkar lagt áherslu á hina jákvæðu þætti UDL. Margir líta svo á að hún standi fyrir skynsamlegri aðferð við löggæslu. Hún knýr starfsfólk hennar áfram og sýnir fram á getu lögreglunnar til að blanda saman tæknilegum, stofnanalegum og mannlegum þáttum til að ná fram breytingum. Eins og fram kom í umfjöllun hér að ofan er UDL byggð á nokkrum grundvallaratriðum, sem byggja fyrst og fremst á upplýsingahringnum. Hún virðist byggja á samræmdum þáttum og verklagi sem „tryggir að allir syngi úr sömu sálmabók“. Almennt er slíkt vel liðið innan stofnana, sér í lagi þeirra sem vinna að öryggismálum.

Hinsvegar verðum við einnig að átta okkur á því að það eru neikvæðar hliðar á UDL. Fræðasamfélagið er stöðugt að vinna að prófunum á UDL. Samt eru haldbærar sannanir fyrir ágæti þess af skornum skammti. Því hefur verið haldið fram að það sé engin leið fær til að mæla árangur af upplýsingavinnu lögreglu, sem oftar en ekki leiðir til þess að reynt er að sanna neikvæð áhrif hennar (Gentry, 2010). Við teljum að trú margra löggæslustofnana á verðleikum UDL sé skiljanleg í menningarlegu og stofnanalegu tilliti. Við höldum því fram að trú löggæslustofnana á verðleikum UDL sé menningarlega og stofnanalega mótsagnalaus. Þó er hægt að greina vanmat innan einhverra stofnana um áhrif UDL á ríkjandi lagalegar og siðferðislegar venjur. Fagþróun á þessu sviði og aukin alþjóðleg samvinna lögregluliða, hefur leitt til umtalsverðar aukningar á óhefðbundnum aðferðum lögreglu. Þetta hefur þýðingarmikil áhrif á löggjafa og alþjóðalög, en virðist þó ekki hafa verið almennilega viðurkennt enn.




Þar sem UDL byggir oft á leynilegum aðgerðum hefur hún veruleg áhrif á friðhelgi og réttindi borgara. Notkun slíkra aðferða reynir á getu og hæfni þeirra sem beita þeim. Þær krefjast tæknilegrar kunnáttu og jafnframt reynslu og tilfinningagreindar (sem oft haldast í hendur) til að taka réttar ákvarðanir um meðalhóf og nauðsyn þeirra aðgerða. Þetta þýðir að val á greinendum og þjálfun þess og annars upplýsingastarfsfólks getur skipt sköpum.

Með tilliti til þess hversu mikilvægar greiningar eru í allri upplýsingavinnslu verður að teljast ólíklegt að UDL geti þrifist án (i) hæfra greinenda til að fá botn í þær upplýsingar sem aflað er og auðvelda þannig forgangsröðun og (ii) tiltæks aðgerðahóps til að takast á við ríkjandi trend í afbrotum og aðrar áskoranir lögreglu sem skilgreindar hafa verið sem forgangsatriði vegna greiningarvinnu. Bæði þessi atriði eru jafnmikilvæg og bæði eru grundvallaratriði ef einhver möguleiki á að vera á að UDL stefnur skili árangri. Við höfum lagt áherslu á að síðan UDL kom fyrst fram í Bretlandi hefur hún orðið að alþjóðlegri þróun í löggæslu. Við skiljum að einhverjir á Íslandi kunni að vera sannfærðir um ágæti UDL. Rök byggð á almennri skynsemi um ágæti hennar eru sterk. Hins vegar höfum við bent á að fræðilegar sannanir um UDL eru veikar. Við mælum því með að allar áætlanir um innleiðingu, eða frekari innleiðingu UDL á Íslandi, feli í sér áætlanir um greiningar á árangri. Með því móti yrði íslenska lögreglan fljótari að meta kosti og galla UDL og myndi afla gagna sem gæti stutt við frekari þróun UDL á heimsvísu.

### *Heimildaskrá*


Brown, S. D. (2007). The Meaning of Criminal Intelligence. International Journal of Police Science & Management, 9(4), 336 – 340

Cope, N. (2004). 'Crime analysis; principles and practice'. í T. Newburn (Ritstj.), Handbook of Policing (pp. 340 - 362). Cullompton: Willan Publishing.

Brown, S. D. (2007). The Meaning of Criminal Intelligence. International Journal of Police Science & Management, 9(4), 336 - 340.

Cope, N. (2004). 'Crime analysis; principles and practice'. In T. Newburn (Ed.), Handbook of Policing (pp. 340 - 362). Cullompton: Willan Publishing.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið. (2007). Reglugerð um greiningardeild ríkislögreglustjóra nr. 404/2007. Sótt af: http://www.reglugerd.is/reglugerdir/eftir-raduneytum/domsmalaraduneyti/nr/9685.

Gentry, J. A. (2010). Assessing intelligence performance. Í L. K. Johnson (Ritstj.), The Oxford Handbook on National Security Intelligence (pp. 87 - 103). Oxford, UK: Oxford University Press.

Harfield, C., & Harfield, K. (2008). Intelligence: Investigation, Community, and Partnership. Oxford: Oxford University Press.

Interpol. (2015). Criminal Intelligence Analysis. Sótt af: https://www.interpol.int/INTERPOL-expertise/Criminal-Intelligence-analysis

James, A. (2016). Understanding Police Intelligence Work. Bristol, UK: Policy Press: University of Bristol.

John, T., & Maguire, M. (2011). Criminal intelligence and the National Intelligence Model. Í T. Newburn, T. Williamson, & A. Wright (Ritstj.), Handbook of Criminal Investigation. Abingdon, UK: Routledge.

National Centre for Policing Excellence. (ódags.). The National Intelligence Model. London: Home Office.

National Commission of Terrorist Attacks Upon The United States. (2004). The 9/11 Commission Report. Sótt af: https://www.9-11-commission.gov/report/911Report.pdf

Quarmby, N., & Young, L. J. (2010). Managing Intelligence: The Art of Influence. Sydney: The Federation Press.

Ratcliffe, J. (2005). The Effectiveness of Police Intelligence Management: A New Zealand Case Study. Police Practice and Research 6(5), 435 - 431. doi:10.1080/15614260500433038

UNODC. (2006). Police Information and Intelligence Systems: Criminal Justice Assessment Toolkit. Vín, Austurríki: United Nations Office on Drug and Crime.




***Bogadregna húsið fyrir miðri mynd hýsir Institute of Criminal Justice Studies hjá Háskólanum í Portsmouth.***


Gæði

Áreiðanleiki

Trúnaður

**Túlkaþjónusta á 65 tungumálum**

ASETUR

bsi. ISO 9001 Quality Management

www.asetur.is

asetur@asetur.is

+354 530 9300

Viðtalið tók Karina Bjørnholdt blaðamaður, þessi grein birtist í Dansk Politi

Þýðandi: Snorri Magnússon



# „DJØF“

## – menningin drepur faglegheitin og viðkomuna

**Eftir meira en 20 ár sem yfirsálfræðingur hjá hjá danska ríkislögreglustjóranum hefur hinn 62 ára gamli Bjarne Frøslee Ibsen hætt störfum. Það var ekki að hans eigin ósk sem hann hætti. Ríkislögreglustjórinn ákvað að endurnýja ekki ráðningarsamband hans.**



Bjarne Frøslee Ibsen




- Rökin voru m.a. þau að ekki var óskað frekar eftir faglegri stjórnunarreynslu yfirsálfræðings hjá Ríkislögreglustjóranum heldur reynslu í markmiðasettri stjórnun. Virðingin fyrir fagmennsku getur í framhaldinu legið á mjög þröngu sviði hjá ríkislögreglustjóranum. Breytingar eru komnar í guðatölu og það eru starfsmennirnir sem á endanum borga brúsann. Vinnuumhverfið og það að þrífast vel í vinnunni er í hættu, segir Bjarne Frøslee Ibsen.

Ef einhver veit hversu slítandi, andlega, lögreglustarfið er þá er það Bjarne Frøslee Ibsen. Sem yfirsálfræðingur og leiðtogi sálfræðiþjónustu danska ríkislögreglustjórans hefur það verið hans hlutverk að benda á þessa staðreynd, skilgreina hana og finna leiðir til að takast á við þennan vanda til að gera dönskum lögreglumönnum auðveldar um vik að takast á við hin gríðarlega krefjandi verkefni sem þeir fást við daglega í störfum sínum. Í samvinnu við Landssamband danskra lögreglumanna hefur hann í meira en 20 ár átt forystu um og frumkvæði að því að lögreglumenn fái ekki einungis menntun og fræðslu í lögum og reglugerðum og öðrum praktískum atriðum á borð við sjálfsvörn og skotæfingar hverskonar heldur einnig innsýn í það andlega álag sem starfið veldur og hvernig hægt er að bregðast við því. Hluti af því hefur verið vitundarvakning í þá veru að það er ekki eingöngu í lagi – heldur í raun við því að búast – að lögreglumenn bregðist ofbeldisatburðum eða öðrum hörmungum og að til séu leiðir til að aðstoða lögreglumenn við að vinna úr slíkum neikvæðum upplifunum.

Bjarne Frøslee Ibsen hefur m.a. verið drífandi í því að innleiða félagastuðningskerfi innan dönsku lögreglunnar sem hefur verið kallað „Fyrir – á meðan – og eftir” kerfið. Þá hefur hann séð um sálfræðiþjónustu og –stuðning við lögreglumenn sem fara til friðargæslustarfa á vegum erlendra stofnana sem og stuðningsprógram við þá sem sjá um yfirheyrslur yfir börnum sem og rannsakara sem vinna við rannsóknir á barnaklámi. Síðasta verkefnið sem hann hefur komið að er að þróa kennsluefni í sálrænu viðbragði sem miðar að því að styrkja lögreglumenn til að takast betur á við sálræna erfiðleika í störfum þeirra. Hann hinsvegar náði því ekki að vera með við innleiðingu verkefnisins þar sem ráðningarsambandi hans hjá ríkislögreglustjóranum lauk í ágúst s.l. Vinnuveitandinn kaus að framlengja ekki ráðningu hans.

„Það var jú dálítið strik í reikninginn. Ég hafði séð fyrir mér að starfa áfram a.m.k. næstu þrjú árin eða þar til ég færi á eftirlaun en nú hefur mér verið vísað á dyr. Rökin voru m.a. þau að ekki væri horft til þess að sá aðili sem færi með stjórn sálfræðingateymis ríkislögreglustjórans væri menntaður sálfræðingur og

*Breytingar eru komnar í guðatölu og það eru starfsmennirnir sem á endanum borga brúsann.*

ÚRVAL ÚTSÝN

Air Iceland Connect

ÍSLENSKA HAMBORGARAFABRIKKAN 2010

FULLTINGI
slysa- og skaðabótamál




*Árangursmælingamenningin eyðileggur nefnilega faglegheitin og viðkomuna – og þar með einnig starfsánægjuna – í lögreglunni fullyrðir Bjarne Frøslee.*

hefði þar með faglega þekkingu heldur einstaklingur með menntun og reynslu í stjórnun og markmiðasetningu. Það vill segja einhver með allt annan bakgrunn en sálfræði. Frá mínum bæjardyrum séð þýðir þetta einfaldlega það að sálfræðiþjónustan verður sett skör lægra í skipuritinu. Mín meining er sú að ef menn vilja innleiða eitthvað í danskri lögreglu, sem n.b. er mjög þunglamaleg stofnun, þá verða fyrst og fremst faglег sjónarmið að sitja við borðið þar sem ákvarðanir eru teknar. Fæstar hugmyndir ná einhverju flugi ef þær þurfa að fara í gegnum einhver lög af stjórnendum – sérstaklega ef þessir stjórnendur hafa ekki faglega innsýn inn í það sem þeir eru að fjalla um."

### *Mýtan um að breytingar séu alltaf af hinu góða*

Bjarne Frøslee Ibsen, fyrrverandi yfirmaður sálfræðiþjónustu danska ríkislögreglustjórans undirstrikar það að hann hafi ekkert á móti lögfræðingum, hagfræðingum eða ráðgjöfum sem einstaklingum. Hann hefur í áraraðir unnið með mörgum mjög góðum einstaklingum með þessa menntun og reynslu. Það sem hann hinsvegar er mótfallinn er sú menning sem í dag gegnsýrir danska lögreglu. Þar sem sífellt er verið að breyta hlutunum, gera hagkvæmari (í krónum og aurum) og árangursmæla allt og ekkert í nafni framþróunar. Þetta er hinsvegar og nánast alltaf gert á kostnað starfsfólksins. Árangursmælingamenningin eyðileggur nefnilega faglegheitin og viðkomuna – og þar með einnig starfsánægjuna – í lögreglunni fullyrðir Bjarne Frøslee.

„Það var eftir skipulagsbreytingarnar á dönsku lögreglunni árið 2007, sem urðu grundvallarbreytingar á löggæslunni. Ég er ekki talsmaður stöðnunar og hef aldrei verið. Það var þörf á því að endurskipuleggja ýmislegt innan lögreglunnar. En í dag er hinsvegar einhver eilífðartrú í gangi á því að allar breytingar séu af hinu góða og stuðluðu að framþróun. Þetta er mýta. Það er sennilega ekki nema um helmingur þeirra skipulagsbreytinga sem ráðist er í sem skila einhverri framþróun með betri og árangursríkari vinnubrögðum. Hinn helmingur breytinganna gerir í raun illt mun verra og leiðir til minni starfsánægju."

### *Þegar lögreglumenn minna stjórnina*

Yfirsálfræðingurinn hefur m.a. upplifað aukinn pirring innan lögreglunnar þar sem allt er í raun orðið svo óöruggt. Þrátt fyrir að lögreglumenn séu mjög góðir í störfum sínum og sinni vinnu sinni af mikilli alúð og eljusemi geta þeir ekki lengur verið öruggir með það að þeir mæti til sömu vinnu að næsta morgni. Lögreglumönnum er þeytt fram og tilbaka í hverri skipulagsbreytingunni á fætur annarri og álagið hefur aldrei verið í líkingu við það sem nú er. Lögreglumenn geta ekki einu sinni reitt sig á það að frítími þeirra sé virtur lengur. Þeir vita aldrei orðið hvort frídegi, sem þeir hafa gert ráð fyrir að eyða með fjölskyldum sínum, verði aflýst vegna vinnu – enn og aftur.

„Lögreglumenn eru í eðli sínu einstaklingar sem eru vanir að stjórna. Það eru þeir sem þurfa að taka ákvarðanir á sekúndubroti og taka stjórnina á erfiðum vettvangi. Af sömu ástæðu er það mjög erfitt fyrir þá að upplifa það að þeir hafi ekki stjórn á hlutunum. Sem dæmi má nefna ef þeir hafa ekki yfirsýn yfir þau verkefni sem þeim hafa verið falin eða þeir eru fluttir til í starfi gegn eigin óskum og þeim finnst þeir ekki hafa þekkingu eða reynslu til að sinna – þar sem langt er um liðið síðan þeir sinntu þesskonar störfum síðast. Þetta kemur svo ofan í þá staðreynd að þeir hafa oft á tíðum ekki einu sinni stjórn á frítíma sínum lengur. Það liggur í hlutarins eðli að þessar aðstæður koma niður á starfsánægju og viðkomu einstaklinga innan stéttarinnar."

### *Lítið pláss fyrir skilning*

„Þeir einstaklingar innan lögreglunnar sem eru í stjórnunarhlutverkum hafa það einnig mun verra í vinnunni en áður segir Bjarne Frøslee. Þetta á sérstaklega við þá sem eru í hlutverkum millistjórnenda í lögreglunni. Einn af fylgifiskum „DJØF" menningarinnar er sá að afar lítið svigrúm er til þess að sýna einhvern skilning. Þess í stað skal mæla allt og árangurstengja og eina leiðin til að ná sér í fleiri stjórnur á axlirnar í dönsku lögreglunni er að vinna að breytingastjórnun – á kostnað samstarfsfólksins" segir Bjarne Frøslee.

Hann undrar sig satt best að segja alls ekki á því að lögreglunni skuli ganga illa í því að manna og ráða í stöður nýrra stjórnenda í lögreglu.

„Hvað er það sem ætti að lokka fólk til þessara starfa? Ekki eru það launin. Þeir sem ráða sig til starfanna eiga það á hættu að vera hent landshluta á milli og í lægri stjórnunarlögunum er nánast útilokað að stjórna nokkrum sköpuðum hlut. Þar að auki hafa þessir stjórnendur nánast ekki málfrelsi lengur. Það kostar sitt fyrir þá að opna munninn, sér í lagi inn við, er sú reynsla sem ég hef séð og upplifað."

### *Nauðsyn á nýrri starfsmannastefnu*

Bjarne Frøslee vonar það innilega að danska lögreglan beri gæfu til þess að laga og bæta starfsumhverfi sitt og auka við starfsánægju sem allra fyrst.

„Það gerist í raun ekki nema þegar í stað verið lögreglumönnum fjölgað stórlega þ.a. vaktaplönin nái að ganga upp og lögreglumenn fái raunverulega þau frí sem þeim ber hverju sinni. Þá lýsir hann eftir starfsmannastefnu þar sem starfsfólkið er aftur sett í hásæti. Í dag er staðan þannig að fólk upplifir sig í raun bara sem einhver númer til uppfyllingar í stórri maskínu.

